



Fréttatilkynning

01 October 2024 13:23:00 GMT

## Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum

**Arion banki lauk í dag útgáfu á grænum almennum skuldabréfum (e. senior preferred) til þriggja ára að fjárhæð 500 milljónir norskra króna og 500 milljónir sænskra króna.**

Skuldabréfin eru með breytilega vexti sem nema 120 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti bæði í sænskum og norskum krónum.

Útgáfan fellur undir sjálfbæra fjármálaumgjörð Arion banka. Í umgjörðinni er með skýrum og gegnsæjum hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast umhverfisvænar.

Skuldabréfin verða gefin út undir EMTN-útgáfuramma bankans og er stefnt að töku skuldabréfanna til viðskipta í kauphöllinni í Lúxemborg þann 8. október 2024.

Umsjónaraðilar voru DNB Markets, Nordea Abp og Swedbank.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum](#)